

Reykjavík, 12. október. 2023

Drafnarstígur 9 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. mars 2023 var lögð fram fyrirspurn Stólpa ehf., dags. 15. september 2022, ásamt bréfi Trípólí arkitekta dags. 15. september 2022 um uppbyggingu á lóð nr. 9 við Drafnarstíg, samkvæmt tillögu Trípólí arkitekta dags. 15. september 2022. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022. Ný fyrirspurn var lögð fram ásamt uppfærðri tillögu Trípólí arkitekta, dags. 13. júlí 2023. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2023. Fyrirspurnin er lögð fram að nýju með samanburðar uppdráttum arkitekts dags. 03.10.23 og tölvupósti arkitekts dags. 03.10.23.



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Landnotkun er skv. gildandi aðalskipulagi íbúðarbyggð (IB1).

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina.

Umsögn

Uppbygging á lóð nr. 9 við Drafnarstíg hefur frá árinu 2021 verið í skoðun hjá embætti skipulagsfulltrúa, síðast með umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2023. Í upphafi var lögð inn fyrirspurn þar sem óskað var eftir að byggja 280 m² fjölbýlishús á lóðinni. Fyrirspurnin hefur breyst mikið þar sem í dag er óskað eftir að byggja 180 m² einbýlishús á lóðinni.

Samanburðateikningar sýna að arkitekt hefur komið til móts við fyrrum umsagnir skipulagsfulltrúa að mestu. Því er ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að fyrirspyrjandi sæki um byggingarleyfi

samanber nýjustu uppdráttum dags 13.07.2023. Berist umsóknin verður hún grenndarkynnt hagsmunaaðilum á aðliggjandi lóðum. Bent er á að skuggavarp verður að fylgja byggingarleyfisumsókn.

Niðurstaða

- Ekki er skipulagsleg athugasemd við að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunum á aðliggjandi lóðum samanber umsögn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri